



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um fyrirhugaða fækkun bílastæða og heildarfjölda þeirra - R21010216 (US210052).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 10. mars sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Hvað eru mörg bílastæði í borgarlandinu? Í aðgerðaáætlun borgarinnar í loftslagsmálum er gert ráð fyrir 2% fækkun bílastæða í borgarlandinu. Hér er átt við bílastæði í eigu borgarinnar fyrir utan bílastæðahús og því mikilvægt að fá upplýsingar um fjölda bílastæða.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann sama dag.

Svar við fyrirspurn:

Ekki liggur fyrir nákvæmur fjöldi bílastæða í borgarlandi Reykjavíkurborgar en samkvæmt kortlagningu sem fram fór árið 2018 og hefur verið haldið við síðan, er áætlaður heildarfjöldi bílastæða í borgarlandi um 30.700, þar af eru um 3000 stæði gjaldskyld.

Rétt er að gera þann fyrirvara að talningin byggði ekki á þinglýstum gögnum að baki hverju bílastæði og því verður að gera nokkurn fyrirvara um nákvæmni gagnanna. Talningin ætti þó að gefa nokkuð góða mynd af fjölda bílastæða í borgarlandi.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri